



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagurinn 13. apríl 2007

Ákvörðun nr. 15/2007

## **Kaup FoodCo hf. á eignum og rekstri Veitingahússins Greifinn ehf.**

### **1.**

Þann 1. mars 2007 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem fram kemur að FoodCo hf. (hér eftir FoodCo) hafi keypt eignir og rekstur Veitingahússins Greifinn ehf. (hér eftir Greifinn).

Í tilkynningunni kemur fram að FoodCo kaupi allar eignir og rekstur Greifans. Með kaupnum fylgi allt lausafé, allur rekstur og búnaður, ásamt viðskiptavild félagsins. Bréfinu fylgdi samrunaskrá sem tekur mið af viðauka í reglum Samkeppniseftirlitsins nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.<sup>1</sup> Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur, dags. 1. ágúst 2006 og afrit af ársreikningum samrunaaðila, þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur umræddur kaupsamningur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

### **2.**

Aðilar samrunans eru tveir, FoodCo og Greifinn. Í samrunatilkynningunni vegna kaupa FoodCo á Greifanum segir að tilgangur FoodCo samkvæmt samþykktun þess sé rekstur smávöruverslunar og framleiðsla matvæla. Þá segir að félagið sé hlutafélag og starfræki og reki veitingastaðina Aktu-Taktu, American Syle, Jolla, Pylsuvagninn í Laugardal og Pítuna á höfuðborgarsvæðinu. Umræddir staðir veiti fjölbreytta þjónustu og bjóði uppá fjölbreytt úrval af skyndibita, s.s. hamburgara, pítur, steikur og pylsur.

Um Greifann segir að félagið reki veitingahúsið Greifann á Akureyri sem bjóði upp á fjölbreyttan matseðil, s.s. pizzur, mexíkóskan mat, kjöt, hamburgara, fisk o.s.frv.

Um aðdraganda samrunans segir í tilkynningunni: *„Árið 2006 hófu FoodCo og eigendur Greifans formlegar viðræður um sölu á rekstri og eignum Greifans til*

---

<sup>1</sup> Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



*FoodCo. Eigendur Greifans vildu selja reksturinn og einbeita sér alfarið að hótélrekstri. FoodCo taldi Greifann vera góðan fjárfestingarkost á Akureyri enda orðspor Greifans með ágætum. Yfirtaka FoodCo á Greifanum gerir félaginu kleift að koma að veitingarekstri á Akureyri án þess að taka þá áhættu sem felst í því að opna nýjan veitingastað frá grunni. Viðræðum FoodCo við seljendur Greifans lauk með undirritun kaupsamnings 1. ágúst 2006." Þá segir jafnframt að ekki sé stefnt að breytingum á rekstri Greifans og að markaðsstefnu staðarins verði viðhaldið.*

### 3.

Í tilkynningunni segir að samrunaaðilar reki veitingahús sem selji margskonar mat, þó einna helst skyndibítmamat. Að mati samrunaaðila megi skilgreina markaðinn sem markað fyrir veitingahús í heild þar sem það sé að mati samrunaaðila miklum erfiðleikum háð að flokka veitingastaði sérstaklega eftir tegundum, þar sem margir staðir bjóði upp á fjölbreytt úrval þjónustu og matar. Þá segir að „vegna þess hve mörkin á milli veitingastaða sem bjóða eingöngu upp á skyndibita, veitingastaða þeirra sem bjóða uppá aukna þjónustu og svo þeirra sem famreiða dýrari mat og eru með vinveitingaleyfi eru svo óljós, þá verður það lagt til grundvallar að um einn og sama markað sé að ræða, þ.e. markað fyrir sölu á tilbúnum mat.“ Þá segir í tilkynningunni að samrunaaðilar telji hinn landfræðilega markað í málinu vera staðbundinn markað vegna eðlis þeirrar þjónustu sem samrunaaðilar veiti. Verði því hinn landfræðilegi markaður í þessu máli skilgreindur sem höfuðborgarsvæðið.

Fram kemur í tilkynningunni að samrunaaðilar telji samrunann hafa lítil sem engin áhrif á markaði málsins. Sé það einkum vegna þess að FoodCo sé ekki starfandi á Norðurlandi og að Grefinn sé aðeins starfandi á Akureyri.

### 4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Samruni FoodCo og Greifans flokkast undir láréttan samruna þar sem hluti starfsemi beggja aðila er á sama sölustigi. Að mati Samkeppniseftirlitsins munu samlegðaráhrif samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari gæta fyrst og fremst gæta í starfsemi félaganna við sölu á tilbúnum mat. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa FoodCo á eignum og rekstri Greifans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



**Ákvörðunarorð:**

**„Með kaupsamningi, dags. 1. ágúst 2006, keypti FoodCo hf. eignir og rekstur Veitingahússins Greifinn ehf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson